



Eyjafjarðarbraut



Skóli

Greinargerð - skilmálar

Deiliskipulag íbúðarbyggðar að Hrafnagili í Eyjafjarðarsveit byggir á svæði skilgreindu sem íbúðarbyggð í gildandi aðalskipulagi. Tillaga að skipulagi var unnin af Arkitektúr.is fyrir hönd lóðarhafa, Tésmiðaverkstæðis Sveins Heiðars hf. (teikning 106-001 dags.01.08.'00). Skipulagið gerir ráð fyrir raðhúsalóðum fyrir allt að 12 íbúðir. Heildarstærð svæðisins er 9194m² og skilgreint sem ein lóð. Lóðin er leigulóð frá Eyjafjarðarsveit. Gjaldstofn til fasteignagjalda af lóð hverrar íbúðar er ákv. í hlutfalli við stærð íbúðar og er þar talin hlutdeild í sameiginlegu svæði. Aðkoma að lóðinni er um aðkeyrslu að heimavist og grunnskóla.

Um byggingar á lóðinni gilda öll ákvæði laga og reglugerða sem við eiga svo sem byggingar- og skipulagslög, byggingarreglugerð og reglugerðir um brunavarnir og brunamál, íslenskir staðlar og blóð Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins.

- Að auki gilda eftirfarandi ákvæði byggingar- og skipulagsskilmála:
- Bílgeymslur skulu fylgja stærri íbúðum en réttur fyrir bílgeymslur skal vera fyrir minni íbúðirnar.
 - Tvö bifreiðastæði skulu fylgja hverri íbúð.
 - Hámarksbreidd íbúðar skal vera 10m. Leyfilegt er að byggja léttar útbýggingar á vesturhlíð húsanna allt að 2m út frá húsi og 5m meðfram hverri íbúð.
 - Hverri íbúð skal afmarka lóð til einkaafnota.
 - Opin svæði eru fyrir aðkomu að lóðum sbr. uppdráttinn, breydd 2m.
 - Kvöð er um gegnumakstur á lóðinni eins og skilgreint er á uppdrætti.
 - Við hverja íbúð skal gera ráð fyrir sorpgeymslu fyrir tvær sorptunnur.
 - Leiksvæði verði miðsvæðis og sameiginlegt fyrir allar íbúðir á lóðinni. Stærð þess skal vera að lágmarki 12m² fyrir hverja íbúð.
 - Lóðarhafi skal sjá um allar lagnir vatns, hitaveitu, rafmagns og skolps innan lóðar og tengja þær við það kerfi sem fyrir er og lagt verður að lóðarmörkum. Hönnuðir skulu hafa samráð við viðkomandi stofnanir um staðsetningu inntaka og tengingar út fyrir lóðina.
 - Lóðin er veitt í því ástandi sem hún er við afhendingu. Starfsmönnum sveitarfélagsins skal frjálst umferð um lóðina með vinnutæki og önnur afnot svo sem nauðsynlegt verður vegna framkvæmda við að gera hana byggingarhæfa.
 - Óheimilt er að nota annað svæði en hina úthlutuðu lóð undir uppgröft úr húsgrunnum, byggingarefni og annað sem að byggingarstarfsemi lýtur. Þá er óheimilt að gera jarðrask utan lóðarmarkna án leyfis sveitarstjóra.
 - Frá því að framkvæmdir hefjast skal auðkenna lóðina með götunafni og númerum.

Skýringar

- | | | | |
|--|-----------------|--|-------------------------------|
| | Skipulagsmörk | | Raðhús n íbúðir 1 hæð |
| | Lóðamörk | | Opin svæði Kvöð um aðkomurétt |
| | Byggingarreitur | | Mörk lóðarluta til einkanota |
| | Kvöð um akstur | | Grunnkort |
| | Bílastæði | | |
| | Leiksvæði | | |

Deiliskipulag þetta, sem hefur fengið meðferð skv. lögum nr. 73/1997, var samþykkt af sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar þann 7.11.2000.

[Signature]
sveitarstjóri



Hrafnagil Eyjafjarðarsveit

Deiliskipulag
Tillaga

| | |
|------------------|----------------------|
| nr. / útgáfa: | 106-002 |
| mælikvarði: | 1:1000 |
| dagsetning: | 08.09.2000 |
| teiknað: | PT |
| samþykkt: | <i>Páll Tómasson</i> |
| útgáfa breyting: | _____ dags. |

arkitektur.is

Hverfisgata 26 • 101 Reykjavík • sími 562 5020 • fax 562 5086
Kaupvangastræti 23 • 600 Akureyri • sími 462 6727 • fax 461 1507
netfang arkitektur.is@arkitektur.is http://www.arkitektur.is
Arkitektar félag
Elín Kjartansdóttir Gisli Jón Kristjánsson Haraldur Örn Jónsson
Páll Tómasson Helga Benediktsdóttir Guðmundur Gunnarsson